



Sjálfbærniskýrsla

2019

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Reginn

Reginn lítur á sig sem brautryðjanda og framsækið fasteignafélag sem er eftirsóknarverður samstarfsaðili og vinnuveitandi. Félagið einsetur sér að vera leiðandi í mótun og rekstri fasteigna auk þess að stuðla að velferð samfélags, bættum lífsgæðum og umhverfi íbúa. Rekstur og skipulag fasteigna hefur umtalsverð áhrif á umhverfi og lífsgæði íbúa en tugir þúsunda manna dvelja daglega í fasteignum Regins, ýmist við leik eða störf. Með markvissum aðgerðum í rekstri fasteigna, fjárfestingum, skipulagi, nýbyggingum og með samvinnu við leigutaka getur Reginn átt ríkan þátt í móta umhverfi fólks þannig að daglegt líf verði betra, ánægjulegra og öruggara.

Á árinu 2019 setti Reginn sér sjálfbærnistefnu sem tekur á umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni. Með stöðugar úrbætur að leiðarljósi hefur félagið sett sér markmið á því sviði. Árangur í sjálfbærni verður mældur með markvissum hætti og starfsmenn, viðskiptavinir og fjárfestar upplýstir um markmiðin og þann árangur sem næst. Í fjárfestingum og rekstri fasteigna er horft til langs tíma. Það er trú félagsins að áhersla á sjálfbærni dragi úr áhættu í rekstri félagsins og styrki fjárhagslega arðsemi til lengri tíma liðið.

Lögð er áhersla á að samþætta Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við rekstur félagsins. Félagið leggur megináherslu á sex markmið sem daglegur rekstur hefur mest áhrif á: heilsu og vellíðan, framleiðslu og aðgerðir í loftslagsmálum, jafnrétti kynjanna, sjálfbærar borgir og samfélög, sjálfbæra orku og ábyrga neyslu.



Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu þáttum umhverfislegrar, félagslegrar og efnahagslegrar sjálfbærni. Orkunotkun, sorp og vatnsnotkun er tilgreind frá sex fasteignum sem Reginn sér um rekstur í. Þessar fasteignir eru Smáralind, Egilshöll, Höfðatorg, Áslandsskóli og leikskólarnir Tjarnarvellir og Hörðuvellir. Í öðrum eignum sér félagið ekki um daglegan rekstur heldur er hann í höndum leigutaka. Samtals telja þessar eignir 33,5% af heildarfermetrum í eignasafni félagsins. Teknar hafa verið saman upplýsingar fyrir árið 2019 fyrir þessar eignir og eru þær birtar hér. Aðrar félags- og stjórnháttalegar upplýsingar eiga við um samstæðuna í heild. Sjá nánar í tilvísunartöflu.

Umhverfisleg sjálfbærni

Reginn hefur á undanförunum árum lagt aukna áherslu á umhverfismál og sjálfbærni í sínum rekstri. Hefur félagið farið í ýmsar aðgerðir og verkefni með það að markmiði að minnka neikvæð umhverfisáhrif og auka umhverfisvitund. Félagið tók á árinu sín fyrstu skref í átt að umhverfisevni fasteigna, þar sem fylgt er alþjóðlegum kröfum um umhverfispætti, áhættustýringu og rekstur. Þá vill félagið leggja sitt af mörkum, styðja viðskiptavinum í grænni vegferð með því að bjóða upp á græna leigusamninga og hefur verið lagður grunnur að þeirri vinnu.

Til að stuðla að umhverfislegri sjálfbærni hefur félagið sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri og við framkvæmdir. Þá skal nýta náttúruauðlindir með ábyrgum hætti og leita leiða til að draga úr notkun þeirra ásamt því að hámarka hlutfall endurnýjanlegrar orku. Lágmarka skal notkun á vörum sem eru skaðlegar umhverfinu og áhersla lögð á að draga úr magni sorps og auka flokkun þess.

Aðgerðir í umhverfismálum

Gerðar hafa verið ítarlegar greiningar á þeim þáttum sem hafa hvað mest umhverfisáhrif í rekstri eigna félagsins. Með það að markmiði að minnka neikvæð umhverfisáhrif hefur verið farið í ýmsar aðgerðir til að minnka orkunotkun, ljósaþyrtingu, orkuvöktun gerð markvissari og keyptir rafknúin bílar. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á sorpflokkun, innkaup umhverfisevni ræstivara og endurnýtingu byggingarefnis.

Samhliða mörgum smærri verkefnum lagði félagið í þrjú stór verkefni á árinu, BREEAM In-Use vistvottun á Smáralind, C40 samkeppni um skipulag og hönnun byggingar með loftlagsmál að leiðarljósi og þróun og innleiðingu á snjallsorpi. Þátttaka Regins í þessum verkefnum var ekki einungis viðskiptalegs eðlis heldur tilgangurinn einnig að afla féluginu reynslu og þekkingar í uppbyggingu og rekstri umhverfisvænna bygginga.

BREEAM – alþjóðleg umhverfisevni

Sem þáttur í heildrænni stefnu Regins í umhverfismálum hlaut Smáralind í lok desember 2019, fyrst íslenskra bygginga, BREEAM In-Use vistvottun með einkunnina „very good“. BREEAM vistvottunarkerfi er alþjóðlegur staðall og vottunarkerfi fyrir byggingar á rekstrartíma þeirra. Vottunin, sem gefin er út af óháðum aðila, veitir yfirsýn yfir frammistöðu Smáralindar í bæði umhverfismálum og sjálfbærni ásamt því að gefa betri sýn á hvar tækifæri liggja til umbóta. Umhverfisevni fasteigna er hluti af sjálfbærnimarkmiðum Regins og stefnir félagið á að helmingur eignasafns Regins verði með umhverfisevni árið 2025.



17%

Umhverfissvottanir

Markmið 2019	10%
Markmið 2025	50%

C40

Um mitt ár 2018 hófst undirbúningsvinna fyrir þátttöku Regins í samkeppni á vegum Reykjavíkurborgar og borgarsamtakanna C40. Samtökin C40 hafa það að markmiði að vera leiðandi í aðgerðum í loftlagsmálum og gekk samkeppnin út á að skipuleggja og hanna byggingar með það að leiðarljósi. Reginn, Basalt arkitektar og Efla unnu að og lögðu inn tillögur fyrir tvær mismunandi lóðir. Reyndist tillaga þeirra, fyrir uppbyggingu á lóð við Lágmula, vinningstillaga þeirrar samkeppni. Tillagan er grunnur að samningum um kaup Regins á lóðinni og samvinnu við Reykjavíkurborg að uppbyggingu hennar þar sem félagið verður eigandi verkefnisins og hússins.

Snjallsorp

Haustið 2019 var sorpflokkunarstöð búin snjallbúnaði tekin í gagnið á Hafnartorgi en vinna að þessari lausn hófst á sumarmánuðum 2018. Snjallsorpið skráir magn og sorpflokka niður á leigutaka og gerir með því hvern leigutaka ábyrgan fyrir sinni flokkun og þeim kostnaði sem hlýst af því sorpi sem til fellur. Notendur fá einnig upplýsingar um eigin árangur í sorpflokkun og þróun milli mánaða sem er jafnframt þáttur í að hvetja og styðja viðskiptavinum í sinni grænu vegferð. Stefnt er að frekari þróun og innleiðingu snjallsorps í fleiri eignum félagsins.

Rafbílaleðslur

Unnið var að fjölgun rafbílaleðslna við stærstu eignir félagsins og í lok árs voru stöðvarnar 16 við Smáralind, 6 við Egilshöll og 20 við Höfðatorg. Stefnt er að enn frekari fjölgun rafhleðslustöðva á næstu árum við eignir Regins.

Hjólagrindur

Hjólagrindum var skipt út og fjölgað í Smáralind og gæði þeirra aukin. Alls eru nú stæði fyrir 60 hjól í Smáralind og er næsta verkefni að fjölga þeim við Egilshöll og Höfðatorg.

Nýhússtjórnarkerfi

Hússtjórnarkerfi hafa verið endurnýjuð og yfirfarin í Smáralind og Egilshöll. Með því fæst betri stýring á helstu kerfum húsanna s.s. loftræsingu, gólfhitakerfi, lýsingu, neysluvatnskerfi, reykútsogi og snjóbræðslu. Samhliða var ljósaðstýringarkerfi bætt til muna í báðum húsum. Endurnýjun þessara kerfa eykur bæði orkusparnað og vinnuhagræðingu.

Sorpflokkun í Smáralind


Sorpflokkun í Smáralind var augin til muna og er nú flokkað í 9 flokka í stað 5 flokka áður; almennt sorp, pappír og pappa, bylgjupappa, plastumbúðir, umbúðaplast, lífrænan úrgang, flöskur og dósir, málma og vörubretti. Markvisst verður unnið að því á árinu 2020 að virkja leigutaka enn frekar og auka flokkunarhlutfall í húsinu.

Umhverfisstjórnunarkerfi

Reginn notast við EnviroMaster hugbúnaðalausn frá Klöppum til að halda utan um upplýsingar varðandi rafmagns- og vatnsnotkun, sorp og eldsneytisnotkun þeim eignum sem félagið sér um rekstur í. Árið 2019 nýtti Reginn sér viðbótarþjónustu Klappa sem gerir kleift að taka út umhverfisskýrslur ársfjórðungslega. Auðveldar það félaginu að vakta umhverfislega mikilvæga þætti, fylgja markmiðum eftir og upplýsa stjórnendur og fjárfesta um framvindu.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda kemur frá ýmsum þáttum í rekstrinum. Árið 2018 setti félagið sér það markmið að minnka losun CO₂ um 5% fyrir lok árs 2019. Raun losun 2019 var samtals 673 tCO₂e sem er minnkun um 3% frá fyrra ári. Sé hins vegar horft á beina losun vegna reksturs húsnæðis, bifreiða í eigu félagsins og vegna framleiðslu á orku sem eignir í rekstri nota, umfang 1 og 2, var losunin 454 tCO₂e. Losun á fermetur vegna umfangs 1 og 2 var því 3,6 kgCO₂/m² árið 2019. Jafngildir það 6% minnkun milli ára.




Orkunotkun

Orkunotkun er mjög mismunandi eftir eðli þeirrar starfsemi sem er í viðkomandi húsnæði. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkuframleiðslu er mest í rekstri fyrirtækisins. Þessi orkunotkun er öll notkun á heitu vatni, bæði til upphitunar og heitu neysluvatni sem og öll raforka sem viðkomandi eignir Regins nota. Einnig er hluti af heildarorkunotkuninni öll notkun eldsneytis á farartæki í eigu Regins.


Líkt og fram kemur hér að ofan er orkunotkun vöktuð og frávik í orkunotkun félagsins greind. Auknar upplýsingar um notkun gera félaginu kleift að grípa fyrir inn í ef um frávik er að ræða, veita betri innsýn í orkufrekustu þætti starfseminnar og varpa ljósi á hvar aðgerða er þörf.



Raforka




Uppruni þeirrar raforku sem Reginn kaupir fyrir eignir í rekstri er 99,6% frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og jarðvarma og vatnsafla. Árið 2018 setti félagið sér það markmið að minnka raforkunotkun eigna í rekstri um 5% fyrir lok árs 2025 en raun minnkun 2019 reyndist 6%.




Vatnsorka

Vatnsnotkun er þáttur sem Reginn leitast við að stjórna eftir bestu getu með vöktun og viðbrögðum við frávikum. Minni notkun þýðir minni kostnaður og minna álag á innviði sem vatnsnotkunin byggir á. Kalt vatn er helst notað sem neysluvatn og til kælingar í hús- og tölvukerfum en heitt vatn er notað í upphitun, sem neysluvatn og í snjóbræðslu. Árið 2018 setti félagið sér það markmið að minnka vatnsnotkun eigna í rekstri, kalt vatn um 2% og heitt vatn um 5% fyrir lok árs 2025. Raun minnkun 2019 reyndist 6% í köldu vatni og 10% í heitu vatni.



Sorpflokkun

Markmið Regins í sorpflokkun felast bæði í aukinni sorpflokkun þar sem hlutfall almenns sorps fer minnkandi og að draga úr heildarmagni sorps sem til fellur frá eignum félagsins en stærsti hluti þess sorps sem fellur til er á vegum leigutaka. Félagið mun beita sér fyrir því að auka vitund leigutaka á mikilvægi flokkunar og þeim efnahagslega og umhverfislega ávinningi sem hlýst af aukinni sorpflokkun.



Félagsleg sjálfbærni

Með félagslega sjálfbærni að leiðarljósi skal tryggja vellíðan fólks og öruggt og heilbrigt umhverfi. Á það jafnt við innanhúss og umhverfis fasteignir félagsins, í þágu starfsfólks, leigutaka og gesta þeirra. Hjá Regin er áhersla lögð á græn sjónarmið í skipulagsmálum og byggingum og þar með aukin lífsgæði þeirra sem þar fara um. Samfélagslegir þættir verða einnig hafðir í huga við skipulag og hugað að vettvangi til aukinna samskipta.

Á árinu 2019 var farið í ýmsar aðgerðir til að tryggja vellíðan og efla starfsánægju fólks. Gerð var könnun meðal starfsmanna þar sem ýmsir þættir starfsánægju, viðhorfs og líðan voru skoðaðir. Þá hafa verið haldnir upplýsingafundir með starfsmönnum og skipulögð námskeið með það að markmiði að auka þekkingu. Einnig var gerð þjónustukönnun meðal viðskiptavina og niðurstöður þeirrar könnunar nýttar til að efla samstarf og samskipti við viðskiptavini.

Mannréttindi

Mannréttindi eru ein af grundvallarstoðum samfélagsins og fylgir Reginn mikilvægum grunngildum er varða mannréttindi í allri sinni starfsemi. Tryggja skal jöfn tækifæri og laun án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Starfsumhverfi

Félagið hefur sett sér starfskjarastefnu sem felur í sér það yfirlýsta markmið að laða til sín hæfustu einstaklinga á hverjum tíma og greiða þeim samkeppnishæf laun. Er þar horft til ábyrgðar, árangurs og gætt að

jafnréttissjónarmiðum. Í starfs- og siðareglum félagsins er mælt fyrir um að starfsmenn skuli koma fram af fagmennsku og heiðarleika. Virðing, sanngirni, kurteisi og sæmd skulu einkenna öll samskipti við viðskiptavini, samstarfsmenn og aðra sem stofnað er til viðskiptasambands við. Starfræktar eru nefndir á vinnustaðnum sem ætlað er að fyrirbyggja og taka á málum sem tengjast kynferðislegri áreitni, ofbeldi og einelti. Hjá félaginu gildir félagafrelsi starfsmanna.

Velferð og heilsa

Reginn leggur mikið upp úr velferð og heilsuefingu starfsmanna þar sem stuðlað er að bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Félagið veitir heilsustyrki árlega, innan þess er virkt starfsmannafélag og sumarhús leigt út til starfsmanna og fjölskyldna þeirra. Reginn styður við heilsuefingu starfsmanna með heilsustyrk og jákvæðu viðhorfi til heilsueflingar og heilbrigðis lífarnis. 88,1% starfsmanna nýttu sér heilsustyrkinn 2019. Félagið veitir einnig orlofsstyrk sem var nýttur af 64,4% starfsmanna árið 2019. Starfandi er íþróttanefnd sem skipuleggur ýmsa heilsuefandi viðburði, svo sem líkamsrækt, hjólaferðir, fjallgöngur og golf.


Árið 2019 voru veikindadagar 4,97 að meðaltali á starfsmann og tvö slysatilfelli. Við vinnu er áhætta takmörkuð eftir fremsta megni og menn klæðast vinnuverndarbúnaði. Ef um vinnuslys er að ræða eru þau tilkynnt til vinnueftirlitsins. Hvert slys er metið fyrir sig og kappkostað að fyrirbyggja sambærileg slys með bættum búnaði eða aðbúnaði, eftir því sem við á.

Jafnlaunaúttekt

Reginn fór í gegnum jafnlaunaúttekt árið 2018 og er unnið að jafnlaunavottun sem gert er ráð fyrir að ljúka 2020. Niðurstaða jafnlaunaúttektarinnar sýndi að grunnlaun karla árið 2018 voru 1,6% hærri en grunnlaun kvenna. Þegar skoðuð voru heildarlaun var munurinn hins vegar 1,7%.

Kynjaskipting

Árið 2019 var kynjaskipting starfsmanna 36% konur og 64% karlar. Reginn hefur lagt áherslu á jöfnun kynjahlutfalla í stjórnunarstöðum og var það hlutfall 56% karlar, 44% konur árið 2019. Kynjahlutfall í stjórn Regins 2019 var 60% konur, 40% karlar. Varamenn eru tveir, einn karl og ein kona.



44%

56%

Starfs- og siðareglur

Í sjálfbærnistefnu félagsins er áréttað að hvers kyns spilling, mútur af einhverju tagi eða önnur ólögleg starfsemi sé ekki liðin undir neinum kringumstæðum. Félagið framfylgir góðu viðskiptasiðferði á gagnsæjan hátt og í samræmi við verklagsreglur og takmarkar þannig áhættu af spillingu, mútum og annarri ólöglegri starfsemi. Starfsmenn og stjórnendur skulu aldrei láta einkahagsmuni stangast á við hagsmuni félagsins eða viðskiptavina þess. Í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins skulu allir birgjar og samstarfsaðilar félagsins kynna sér siðareglur Regins, staðfesta þær og framfylgja þeim. Félagið leitast þar af leiðandi við að velja birgja sem sýna samfélagslega ábyrgð og hafa gott viðskiptasiðferði að leiðarljósi.

Starfs- og siðareglur Regins gilda um alla starfsemi, alla starfsmenn og stjórnendur samstæðunnar. Við ráðningu staðfesta starfsmenn að þeir hafi lesið, skilið og muni starfa eftir reglunum. Markmið þeirra er að mæla fyrir um almennar skyldur starfsmanna til þess að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á félaginu. Reglurnar endurspeglar mikilvæg gildi á borð við áreiðanleika, sanngirni og jafnræði sem grundvallast á því að starfsmenn félagsins skulu koma fram af

heiðarleika og trúnaði og eru bundnir þagnarskyldu lögum samkvæmt um hvaðeina sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu varðandi viðskiptavinum og um starfsemi félagsins.

Reginn varðveitir persónuupplýsingar á öruggan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd. Reginn hefur sett sér persónuverndarstefnu og öryggisstefnu til að tryggja öryggi persónuupplýsinga.


Efnahagsleg sjálfbærni

Efnahagsleg sjálfbærni er þriðji grunnþátturinn í sjálfbærnistefnu Regins. Sá þáttur er ekki síður mikilvægur en umhverfis- og félagsleg sjálfbærni þegar kemur að farsælum rekstri félagsins til langs tíma.

Markmiðið er að tryggja sjálfbært sjóðsstreymi félagsins og lágmarka áhættu í rekstri með áherslu á stöðuga þróun eignasafnsins. Nýta skal fjármagn og mannauð félagsins með sem hagkvæmustum hætti auk þess sem verklag innan félagsins einkennist af góðu viðskiptasiðferði, heilbrigðum viðskiptaháttum og ábyrgð. Þessar áherslur treysta fjárhagslegan styrk Regins til lengri tíma, auka arðsemi og styðja við langtíma vöxt.

Efnahagslegir lykilmælikvarðar

Reginn hefur skilgreint þrjá lykilmælikvarða efnahagslegrar sjálfbærni í áhættustefnu félagsins og að neðan má sjá þróun þeirra undanfarin 5 ár.



REGINN HF. - ESG skýrsla 2019

TILVÍSUNARTAFLA

Stuðst er við ESG leiðbeiningar NASDAQ (ESG reporting guide 2.0) við vinnslu neðangreindra upplýsinga.

Í hverjum þætti sjálfbærniskýrslunnar er upplýsingagildi birt með tilliti til Global Reporting Initiative (GRI), UN Global Compact (UNGC), heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG), Sustainability Accounting Standards Board (SASB) og The Task Force on Climate-related Financial Disclosures (TCFD). Við mat á losun gróðurhúsalofttegunda er notast við aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol (GhG).

Umfang 1 tekur til beinnar losunar vegna reksturs húsnæðis og bifreiða í eigu félagsins. Umfang 2 tekur til losunar vegna framleiðslu á orku sem félagið notar og umfang 3 öll önnur óbein losun vegna vara og þjónustu til og frá félaginu.

Orkunotkun, sorp og vatnsnotkun er tilgreind frá sex fasteignum sem Reginn sér um rekstur í. Þessar fasteignir eru Smáralind, Egilshöll, Höfðatorg, Áslandsskóli og leikskólarnir Tjarnarvellir og Hörðuvellir. Í öðrum eignum sér félagið ekki um daglegan rekstur heldur er hann í höndum leigutaka. Samtals telja þessar eignir 33,5% af heildarfermetrum í eignasafni félagsins. Teknar hafa verið saman upplýsingar fyrir árið 2019 fyrir þessar eignir og eru þær birtar hér. Aðrar félags- og stjórnháttalegar upplýsingar eiga við um félagið í heild.

Breytur	Eining	2018	2019	Breyting
Stærð húsnæðis	m ²	126.196	126.196	0%
Stærð húsnæðis	m ³	969.489	969.489	0%

UMHVERFI

E1 - Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2018	2019	Breyting
Umfang 1	tCO ₂ e	60,4	66,6	10%
Umfang 2 (með afskráningu upprunaábyrgða)	tCO ₂ e	423,7	388,0	-8%
Umfang 3	tCO ₂ e	208,4	218,5	5%
Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda	tCO₂e	692,5	673,1	-3%
Mótvægisáðgerðir	tCO ₂ e	0	0	0%
Kolefnislosun að frádregnum mótvægisáðgerðum	tCO ₂ e	692,5	673,1	-3%
Umfang 1 og 2 samtals	tCO ₂ e	484,1	454,6	-6%
E1 UNGC: P7 GRI 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets (Disclosure B)				

E2 - Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Eining	2018	2019	Breyting
Losun gróðurhúsalofttegunda á hverja megawattstund sem neytt er	tCO ₂ e/MWh	14,4	15,2	6%
Losun gróðurhúsalofttegunda á fermeter (umfang 1, 2 og 3)	kgCO ₂ e/m ²	5,5	5,3	-3%
Losun gróðurhúsalofttegunda á fermeter (umfang 1 og 2)	kgCO ₂ e/m ²	3,8	3,6	-6%
Losun gróðurhúsalofttegunda á rúmmeter (umfang 1, 2 og 3)	kgCO ₂ e/m ³	0,7	0,7	0%
Losun gróðurhúsalofttegunda á rúmmeter (umfang 1 og 2)	kgCO ₂ e/m ³	0,5	0,5	0%
E2 UNGC: P7, P8 GRI 305-4 SDG: 13 SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management				

E3 - Orkunotkun	Eining	2018	2019	Breyting
Heildar orkunotkun	kWh	48.221.256	44.209.723	-8%
Þar af orka frá jarðvarmaeldsneyti	kWh	233.537	257.446	10%
Þar af orka frá rafmagni	kWh	20.749.180	19.458.138	-6%
Þar af orka frá heitu vatni	kWh	27.238.539	24.494.139	-10%
E3 UNGC: P7, P8 GRI 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management				

E4 - Orkukræfni	Eining	2018	2019	Breyting
Orka á fermeter	kWh/m ²	382,0	349,6	-8%
Orka á rúmmeter	kWh/m ³	49,7	45,6	-8%
E4 UNGC: P7, P8 GRI 302-3 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management				

E5 - Samsetning orku	Eining	2018	2019	Breyting
Jarðefnaeldsneyti	%	0,50%	0,60%	20%
Endurnýjanleg orka	%	99,5%	99,4%	-0,1%
E5 GRI 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management				

E6 - Vatnsnotkun	Eining	2018	2019	Breyting
Samtals vatnsnotkun	m ³	757.970	692.558	-9%
Kalt vatn	m ³	288.340	270.246	-6%
Heitt vatn	m ³	469.630	422.313	-10%
E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater Management				

E7 - Umhverfisstarfsemi	Eining	2018	2019	Breyting
Fylgir félagið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	
Fylgir félagið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já	
Notar félagið viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	
E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management; Water & Wastewater Management				

E8 - Loftslagseftirlit / stjórn	Eining	2018	2019	Breyting
Hefur stjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já	
E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A)				

E9 - Loftslagseftirlit / stjórnendur	Eining	2018	2019	Breyting
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já	
E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B)				

E10 - Mildun loftslagsáættu	Eining	2018	2019	
Árleg heildarfjárfesting í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ISK	N/A	59m	
E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)				

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2018	2019	Breyting
Úrgangur alls	kg	675.309	603.528	-11%
Þar af flokkaður úrgangur	kg	298.125	238.436	-20%
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	377.184	365.092	-3%
Endurunnið / endurnýtt	kg	278.707	239.475	-14%
Urðað	kg	393.225	364.053	-7%
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	44,10%	39,50%	-10%
Hlutfall endurunns úrgangs	%	41,30%	39,70%	-4%

Samgöngur	Eining	2018	2019	Breyting
Losun gróðurhúsalofttegunda vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu	tCO2e	37,4	37,7	1%
Umbunar félagið fyrir vistvænan ferðamáta starfsmanna?	já/nei	Nei	Nei	

Helstu orkugjafar bifreiða	Eining	2018	2019	Breyting
Heildar eldsneytisnotkun bifreiða	lítrar	23.138	25.498	10%
Bensín	lítrar	113	34	-70%
Dísel olía	lítrar	23.024	25.464	11%
Heildar eldsneytisnotkun bifreiða	kg	19.656	21.669	10%
Bensín	kg	85	25	-70%
Dísel olía	kg	19.571	21.644	11%

Meðhöndlun pappírs	Eining	2018	2019	Breyting
Heildar magn prentaðs pappírs	bls	94.186	77.778	-17%
Tvíhliða prentun	bls	61.634	43.534	-29%

Eignir	Eining	2018	2019	Breyting
Fjöldi bygginga	fjöldi	6	6	0%
Fjöldi bifreiða	fjöldi	15	19	27%
Bensín / dísel	fjöldi	15	17	13%
Rafknúin farartæki	fjöldi	2	2	0%

Kolefnisgjöld	Eining	2018	2019	Breyting
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/líter	9,5	10,4	10%
Kolefnisgjald, bensín	ISK/líter	8,3	9,1	10%
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	218.509	265.135	21%

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

S1 - Launahlutfall forstjóra	Eining	2018	2019	Breyting
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	%	554%	503%	-9%
Eru upplýsingar um fyrrgreint hlutfall lagðar fram í skýrslugjöf til stjórnvalda?	já/nei	Já	Já	
S1 UNGC: P6 GRI 102-38				

S2 - Launamunur kynja	Eining	2018	2019	Breyting
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	%	N/A	87,7%	
Niðurstaða jafnlaunaúttektar	%	1,6%	1,6%	
S2 UNGC: P6 GRI: 405-2 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				

S3 - Starfsmannavelta	Eining	2018	2019	Breyting
Starfsmannavelta starfsfólks í fullu starfi ár frá ári	%	N/A	14%	
Starfsmannavelta hlutastarfsmanna ár frá ári	%	N/A	45%	
S3 UNGC: P6 GRI: 401-1b SDG: 12 SASB: General Issue / Labor Practices				

S4 - Kynjajafnrétti	Eining	2018	2019	Breyting
Starfsmannafjöldi	fjöldi	59	61	3,4%
Hlutfall kvenna innan félagsins	%	36%	36%	0,0%
Byrjenda- og millistjórnandastöður	fjöldi	49	52	6,1%
Hlutfall kvenna í byrjenda- og millistjórnandastöðum innan félagsins	%	N/A	36%	
Yfirmenn og stjórnendur	fjöldi	10	9	-10,0%
Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum	%	42%	44%	4,8%
S4 UNGC: P6 GRI: 102-8, 405-1 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				

S5 - Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Eining	2018	2019	Breyting
Stöðugildi	%	N/A	0%	
Heildarfjöldi hlutastarfsmanna innan félagsins	%	N/A	18%	
S5 GRI: 102-8 UNGC: P6				

S6 - Aðgerðir gegn mismunun	Eining	2018	2019	Breyting
Fylgir félagið stefnu gegn kynferðislegri áreitni og/eða mismunun?	já/nei	Já	Já	
S6 UNGC: P6 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				

S7 - Vinnuslysatiðni	Eining	2018	2019	Breyting
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	1,7%	3,3%	93%
S7 GRI: 403-9 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety				

S8 - Hnattræn heilsa og öryggi	Eining	2018	2019	Breyting
Framfylgir félagið vinnuverndarstefnu og/eða hnattrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já	Já	
Meðal fjöldi veikindadaga á starfsmann	dagar	4,4	4,97	13%
S8 GRI: 103-2 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety				

S9 - Barna- og nauðungarvinna	Eining	2018	2019	
Framfylgir félagið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	Já	Já	
Framfylgir félagið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já	
Ef svarið er já, ná stefnurnar til starfsemi birgja og framleiðenda?	já/nei	Já	Já	
S9 UNGC: P4, P5 GRI: 103-2 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices				

S10 - Mannréttindi	Eining	2018	2019	
Framfylgir félagið mannréttindastefnu?	já/nei	Já	Já	
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	Já	Já	
S10 GRI: 103-2 UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16 SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations				

STJÓRNARHÆTTIR

G1 - Kynjahlutfall í stjórn	Eining	2018	2019	Breyting
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	60%	60%	0%
Hlutfall kvenkyns nefndarmanna (samanborið við karla)	%	67%	67%	0%
G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				

G2 - Óhæði stjórnar	Eining	2018	2019	Breyting
Hefur fyrirtækið lagt bann við að forstjóri gegni starfi stjórnarformanns?	já/nei	Já	Já	
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	fjöldi	5	5	0%
G2 GRI: 102-23, 102-22				

G3 - Kaupaukar	Eining	2018	2019	
Hljóta stjórnendur formlegan hvata til að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	
G3 GRI: 102-35				

G4 - Kjarasamningar	Eining	2018	2019	Breyting
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	0%
G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices				

G5 - Siðareglur birgja	Eining	2018	2019	Breyting
Ber seljendum þínum og birgjum að fylgja siðareglum?	já/nei	Já	Já	
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðarreglunum?	%	0%	0%	0%
G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 SASB: General Issue / Supply Chain Management				

G6 - Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Eining	2018	2019	
Framfylgir félagið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já	Já	
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	100%	100%	
G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2				

G7 - Persónuvernd	Eining	2018	2019	
Framfylgir félagið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já	
Hefur félagið hafist handa við að framfylgja lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga?	já/nei	Já	Já	
G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security				

G8 - Sjálfbæriskýrsla	Eining	2018	2019	
Birtir félagið sjálfbæriskýrslu?	já/nei	Já	Já	
Inniheldur skýrslugjöf félagsins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	Já	Já	
G8 UNGC: P8				

G9 - Starfsvenjur við upplýsingagjöf	Eining	2018	2019	
Veitir félagið upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila?	já/nei	Já	Já	
Einblínr félagið á einhver tiltekin sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDG)?	já/nei	Já	Já	
Hefur félagið sett sér markmið og upplýst um þann árangur sem hefur náðst?	já/nei	Já	Já	
G9 UNGC: P8				

G10 - Endurskoðun / vottun ytri aðila	Eining	2018	2019	
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Nei	Nei	
G10 UNGC: P8 GRI: 102-56				